

2. fundur Skólaráðs Hofstaðaskóla

fimmtudaginn 22. janúar kl. 14:30 – 16:00

Fundinn sátu: Vala Guðnadóttir, Vera Guðmundsdóttir fulltrúar foreldra, Helga Þöll Guðjónsdóttir og Óskar Þór Þorsteinsson fulltrúar nemenda, Anna Magnea Harðardóttir og Ragnheiður Stephensen fulltrúar kennara. Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri og Margrét Harðardóttir skólastjóri. Kristbjörg Ágústsdóttir boðaði forföll. Fulltrúi starfsmanna Agnes Kragh var forfölluð.

Í upphafi fundar bauð skólastjóri fulltrúa nemenda sérstaklega velkomna.

1. **Skóladagatal 2009-2010.** Skólastjóri gerði grein fyrir skóladagatali 2009-2010 sem verður lagt fyrir skólanefnd í febrúar n.k. Nemendur fengu sérstaka kynningu á því hvernig skóladagatal er upp sett. Fulltrúi foreldra lýsir þeirri skoðun sinni að frekar sé þörf á uppbroti á haustönn sem geti verið mjög löng heldur en á vorönn og á þar við vetrarleyfi í febrúar. Fundarmenn eru sáttir við tillöguna og foreldrar ítreka ánægju sína með að dagatöl leik- og grunnskóla skuli vera samræmd. Kennurum er bent á þann möguleika að færa megi einn bláan starfsdag frá júní til ágúst séu allir kennarar samþykkir því. Rammi skólastarfs er frá 15. ágúst og til 15. júní.
2. **Starfsreglur skólaráðs.** Skólastjóri hefur sent fundarmönnum tillögur að starfsreglum ásamt reglugerð. Fulltrúar nemenda fá sérstaka kynningu á forsögunni m.a. foreldraráði. Fundarmenn eru hvattir til þess að senda inn athugasemdir við starfsreglurnar. Kjósa þarf varamenn og lagt er til að formaður foreldrafélags sé áheyrnarfulltrúi til þess að tryggja upplýsingastreymi. Stofna þarf sérstakt vefsvæði á heimasíðu skólans og þar munu fundargerðir verða vistaðar.
3. **Niðurstöður viðhorfakannana.** Kannanir voru lagðar fyrir í desember 2008. Skólastjóri gerði grein fyrir þeim. Niðurstöður eru almennt góðar, foreldrar, nemendur og starfsmenn eru jákvæðir í garð skólans. Þátttaka var góð, 243 nemendur í 4. – 7. bekk svöruðu og foreldrar 234 barna, svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Vísað er í skýrslur um kannanirnar.
4. **Reykjaferð nemenda í 7. bekk.** Undanfarin ár hafa nemendur í 7. bekk farið í Skóalvíðir á Reykjum en næsta ár verður ekki um það að ræða þar sem fjárframlög hafa verið skorin niður. Nemendur í 6. bekk hafa stofnað til söfnunar og fengið fulltrúa foreldra til liðs við sig. Launakostnaður er hár í svona ferð og sá möguleiki ræddur að foreldrar komi með í ferðina ásmat kennurum. Heildarkostnaður er um 700.000. Foreldra hafa hingað til greitt fæði u.þ.b. 14.000 kr. Skólastjóri mun funda með nemendum og foreldrum um þetta mál.
5. **Varamenn.** Kjósa þarf varamenn úr röðum nemenda. Krístrún deildarstjóri mun aðstoða við það. Starfsáætlun ráðsins verður birt og send fulltrúum. Sérstaklega verður tiltekið hvenær nemendur þurfa að mæta. Nemendur yfirgefa fundinn að þessu loknu.
6. **Stundatafla nemenda 2009-2010.** Formleg fyrirspurn hefur borist frá formanni foreldrafélagsins um lengd skóladags nemenda næsta skólaár í ljósi niðurskurðar. Staðan í dag er sú að lítið vantar uppá til þess að mögulegt verði að halda nokkur vegni sömu lengd skóladagsins. skiptistundir verða settar inn í bekkina. Aðalverkefni stjórnenda er að fylla upp í tímafjölda kennara í fullri stöðu. Einnig er afar brýnt að geta haft þrjár bekkjardeildir í 1. bekk til þess að hóparnir verði ekki of stórir.

7. **Atvik 19. janúar sl.** fulltrúar foreldra eru upplýstir um atvik sem átti sér stað í skólanum mánudaginn 19. janúar. Í framhaldi af því sendir skólastjóri nánari upplýsingar til fulltrúa foreldra og formanns foreldrafélagsins. Barnaverndaryfirvöldum, skólaskrifstofu, bæjarritara, bæjarstjóra og lögreglu hefur verið tilkynnt um málið. Starfsmaður sem átti hlut að máli hætti störfum samstundis.

Fundi slitið

Hafdís Bára Kristmundsdóttir